



KVIK1SX02

Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2025

(Bíómyndaáhorf og úrvinnsla)

Kennari/kennarar:	Linda Rut Larsen (linda@fsu.is)
-------------------	--

Áfangalýsing:

Nemendur velja sér kvikmyndir sem unnið hafa/verið tilnefndar til virtra verðlauna á sviði kvikmynda. Afla sér upplýsinga um þá mynd sem þeir velja og setja upp sem kynningu. Fyrir áhorf á mynd, sem nemandi valdi, flytur hann sína kynningu og eftir áhorf er myndin metin/rædd út frá nokkrum þáttum s.s. leik aðalleikara og aukaleikara, tónlist, tæknibrellum, handriti o.fl. Nemendur gera örstuttan ritdóm um myndina og gefa henni einkunn og bera saman við IMDB einkunn myndar.

Undanfari: Enginn

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Virtustu verðlaunum sem veitt eru á sviði kvikmynda
- Helstu vefjum á veraldarvef þar sem sækja má fróðleik um myndir
- Að kvikmyndir eru metnar út frá mörgum mismunandi þáttum

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Afla sér fjölbreyttra upplýsinga á veraldarvef um valdar kvikmyndir
- Vinna sjálfstætt að kynningu og mati á kvikmyndum
- Ræða um og meta kvikmyndir á gagnrýnin hátt út frá mismunandi þáttum
- Koma fram fyrir hóp og kynna verkefni sitt
- Bera saman ólíkar kvikmyndir

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Tjá sig um innihald kvikmynda og rökstutt skoðun sína
- Að koma fram fyrir hóp og kynna valda mynd

- Gera greinarmun á mismunandi flokkum kvikmynda

Námsefni:

Myndir sem horft er á. Kostur ef nemendur geta komið með sína mynd í skólann.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
1	18.-22. ágúst	Fyrsta kennslustundin (2x55 mínútur) fara í að velja mynd og gera kynningar. Ef nemandi nær ekki að klára kynninguna á þessum tíma þarf hann að vinna hana heima eða finna tíma með kennara. <i>Kennsla hefst þri. 19. ágúst.</i>	Kynning á mynd
2 - 16	25. ágúst- 5. desember	Kynningar á myndum, áhorf, umræður, ritdómar. <i>Kennsla hefst þri. 19. ágúst.</i> <i>Nýnemaferð þri. 9 september</i> <i>Afmæli FSu – lau 13. september.</i> <i>Valdagur mið. 8. október</i> <i>Miðannarmat, lokaskil fös. 17. október.</i> <i>Hautfrí 23. - 24. október.</i> <i>Dimisjón, fös. 5. desember.</i>	Ritdómar, flutningur á kynningum.
17	8.-10. desember	Uppgjör á áfanga <i>Síðasti kennsludagur mið. 10. desember.</i>	Sjálfsmat

Sérreglur áfangans:

Mæta þarf í tíma samkvæmt skólasóknarreglum FSu og eru nemendur hvattir til að kynna sér þær.

Þar sem mest öll vinna í áfanganum fer fram í tíma og almennt er ekki gerð krafa um heimavinnu þarf nemandi sem er með opið vottorð að vera að lágmarki með 50% raunmætingu við lok annar til að standast áfangann.

Námsmat:

Áfanginn er án lokaprófs. Mikið er lagt upp úr þátttöku í umræðum og virkni í tímum. Góð mæting og stundvísi, vinnusemi og vandvirkni eru forsendur þess að góður árangur náist.

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Kynning	Kynning nemanda á mynd sem hann valdi	10%
Flutningur	Flutningur á kynningu fyrir hópinn	10%
Annareinkunn	Undir annareinkunn fellur: - Þátttaka í umræðum um myndir - Nemandi skilar ritdómum um myndir sem horft var á - Nemandinn horfir á allar myndir, líka þær sem hann valdi ekki eða hefur minni áhuga á. - Nemandinn virðir skoðanir annarra og val þeirra á myndum - Nemandi geymir síma svo hann trufla ekki áhorf hjá sér og öðrum	80%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Fjölbrautaskóla Suðurlands, 14. ágúst 2025, Linda Rut Larsen